

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. desember 2024 í máli nr. 91/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 27. júlí 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að fá sömu kjör og aðrir viðskiptavinir varnaraðila.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 6. ágúst 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með ábyrgðarbréfi, dags. 5. september 2024, sem afhent var varnaraðila þann 6. sama mánaðar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, afrit af skriflegum samskiptum aðila og afrit af reikningi.

Með bréfi, dags. 17. desember 2024 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili sé í mánaðarlegri áskrift hjá varnaraðila og greiði 4.290 krónur fyrir þjónustuna. Sóknaraðili hafi komist að því að bróðir sinn greiði aðeins 2.890 krónur mánaðarlega fyrir sömu þjónustu. Sóknaraðili hafi leitað skýringa hjá varnaraðila og fengið þær upplýsingar að um væri að ræða svokallað [...] eða sérstök kjör sem voru boðin þeim viðskiptavinum sem höfðu verið í viðskiptum við varnaraðila í mörg ár. Starfsmaður varnaraðila hafi þó ekki getað veitt upplýsingar um hvaða skilyrði viðskiptavinir þyrftu að uppfylla til að öðlast slík kjör, enda standi þetta ekki lengur til boða. Sóknaraðili vísar til þess að með þessu sé varnaraðili að mismuna viðskiptavinum og gerir kröfu um að fá sömu kjör og aðrir viðskiptavinir. Sóknaraðili bendir á að hvergi sé að finna upplýsingar um [...] á heimasíðu varnaraðila. Sóknaraðili bendir á nýlegt dæmi vegna [...] á [...] þar sem sveitarfélagi var meinað að mismuna fólki eftir búsetu. Sóknaraðili telur að varnaraðili sé að mismuna fólki eftir lengd viðskipta.

IV

Niðurstaða

Sóknaraðili er í mánaðarlegri áskrift hjá varnaraðila og greiðir 4.290 krónur fyrir 100GB á mánuði. Sóknaraðili gerir athugasemdir við að varnaraðili hafi boðið afmörkuðum hópi viðskiptavina sinna sérstök kjör sem öðrum viðskiptavinum standi ekki til boða. Um er að ræða tilboð eða svokallaða [...] sem viðskiptavinum sem höfðu haft viðskipti hjá varnaraðila í tiltekinn fjölda ára á ákveðnum tímamarki bauðst.

Tilboðið sem um ræðir gildi fyrir alla viðskiptavinum varnaraðila sem uppfylltu nánar tilgreind skilyrði á þeim tíma sem tilboðið var í gildi. Tilboðið er ekki virkt ennþá. Sóknaraðili bendir á að með þessu sé varnaraðili að mismuna viðskiptavinum og gerir kröfu um að geta fengið sama verð og allir aðrir viðskiptavinir.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 70/2022 um fjarskipti. Varnaraðili er ekki stjórnvald og því gilda stjórnslulög nr. 37/1993 ekki um starfsemi varnaraðila. Kærunefndin bendir á að varnaraðila er heimilt að bjóða upp á tilboð eða sérstök kjör fyrir viðskiptavinum sínum sem geta verið tímabundin eða háð ákveðnum skilyrðum. Kærunefndin fellst ekki á með sóknaraðila að varnaraðila sé skylt að bjóða öllum viðskiptavinum sínum upp á umrætt tilboðsverð þrátt fyrir að viðskiptavinir sem gátu nýtt sér tilboðið þegar það var í gildi, njóti enn þeirra kjara. Með vísan til framangreinds er kröfu sóknaraðila hafnað.

V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson